



# Sestu lestu



Ævintýri í Ingólfssjalli



# Ævintýri í Ingólfssjalli



## Ævintýri í Ingólfsfjalli

ISBN: 978-9979-0-1929-9

© 2014 Kristjana Friðbjörnsdóttir

© 2014 teikningar og myndasögur Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir og  
Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2014  
Námsgagnastofnun  
Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Optima 14 pt.  
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun  
Prentvinnsla: Litróf ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sestu lestu

# Ævintýri í Ingólfsfjalli



Kristjana Friðbjörnsdóttir  
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir teiknaði myndir

## Efnisyfirlit


1. kafli	5
Myndasaga	10
2. kafli	11
3. kafli	15
4. kafli	21
5. kafli	25
6. kafli	29
7. kafli	35
Myndasaga	38
8. kafli	39
9. kafli	45
Viltu vita meira?	48
Úrvinnsla	52

# Sestu lestu



Í þessari sögu er sagt frá Hilmari sem lendir í ævintýrum í sumarfríinu sínu.

Þú ættir að byrja á að skoða teikningarnar og velta fyrir þér söguþræðinum.

Í bókinni sérðu víða svona blöðrur  Þær eru til að þú **staldrir við** og hugsir um það sem þú varst að lesa.

Það er líka gott að rifja upp söguna að loknum lestri.

Aftast í bókinni eru fróðleiksmolar um jarðskjálfta. Suma viltu kannski lesa oftar en einu sinni.





## 1. kafli

- Ég vil fá ís! Af hverju má ég ekki fá ís?  
Hilmar Sigríðar- og Fjóluson sat grenjandi í aftursætinu á litla bláa bílnum. Hann sparkaði aftur og aftur í bakið á sætinu hennar mömmu Siggu sem keyrði bílinn.
- Hættu þessu, Hilmar! Þú færð ekki ís í dag. Og ekki sparka í sætið. Það truflar bílstjóran, sagði mamma Fjóla. Hún sat í farþegasætinu og þrjónaði.

Mamma Fjóla var alltaf þrjónandi. Hún tók upp þrjónana um leið og hún vaknaði og þrjónaði allan daginn.



Mamma var fræg þrjónakona.  
Lopapeysurnar hennar seldust eins  
og heitar lummur um allt land.  
– En af hverju gátum við ekki  
bara farið á Selfoss og keypt ís!  
Ég vil ís! Ég vil fá ís,  
æpti Hilmar.

Bjarki stóri bróðir sat  
við hliðina á Hilmari.

Hann var að hlusta á lög með uppáhalds  
hljómsveitinni sinni, Kaldri klósettsetu.  
Hann reif af sér heyrnartólin og greip  
í peysuna hans Hilmars.

– Þú ert níu ára, Hilmar. Hættu þessum  
grenjum, ormurinn þinn. Ég heyri ekki  
í tónlistinni fyrir þér.

– Svona svona, haldið friðinn, bræður.  
Við erum í sumarfrí, sagði mamma Sigga.



Nú keyrum við meðfram Ingólfsfjalli. Það er merkilegt fjall. Horfið upp í hlíðina og reynið að sjá tröll. Eða huldufólk.


Mamma Sigga var skipulagsfræðingur. Hún var góð í að skipuleggja og hafði skipulagt þetta sumarfrí. Hún hafði leigt lítinn, fallegan sumarbústað við rætur Ingólfsfjalls. Hilmar gjóaði augunum upp í fjallið. Tröll og huldufólk hafði mamma Sigga sagt. Hann trúði nú ekki á svoleiðis vitleysu. – Ég vildi bara fá ís á Selfossi, tautaði hann fúll.

Hvað merkir við rætur fjallsins?

Sólin skein og flugur urðu að klessu á framrúðunni. Skyndilega heyrðust miklar drunur. Litli, blái bíllinn hristist á veginum.

Af hverju hristist bíllinn? Hvað gæti verið að gerast?

Mamma Sigga greip fast um stýrið. Mamma Fjóla missti þrjónana og hrópaði upp. Bjarki bróðir tók ekki eftir neinu. Hann sat með lokuð augu og hlustaði á tónlist.



Hvað er  
hnullungur?

Hilmar horfði upp í fjallið. Hann sá möl og grjót renna niður hlíðina. Það var eins og jörðin væri á hreyfingu. Steinar komu skoppandi niður. Stór hnullungur valt eins og fótbolti niður hlíðina og út á veginn.

Mamma Sigga steig fast á bremsuna. Bíllinn skransaði á veginum og stöðvaðist í tæka tíð. Hilmar kipptist til en öryggisbeltið hélt honum föstum. Hann var mjög hræddur.

- Almáttugur, æpti mamma Fjóla.
- Hvað er málið? spurði Bjarki undrandi.

Hann lyfti heyrnartóli af öðru eyranu.

– Nú munaði mjóu, sagði mamma Sigga. Hún skimaði upp í hlíðina eftir fleiri steinum.

– Hvað gerðist? spurði Hilmar.

– Þetta var jarðskjálfti, Hilmar minn, svaraði mamma Fjóla.

Það er ekkert að óttast.

Hann er búinn. En stór var hann.


– Vá, geggjað, sagði Bjarki og setti aftur á sig heyrnartólin.

Hilmar var logandi hræddur. Hann bað mömmurnar að keyra áfram. En það var ekki hægt. Risastór steinn lokaði veginum.



Hvernig  
hefði þér liðið  
í sporum  
Hilmars?





## 2. kafli

Mamma Fjóla hringdi í björgunarsveitina. Sveitin ætlaði að koma þeim til aðstoðar innan skamms. Mömmurnar stóðu fyrir utan bílinn. Þær ræddu um hvort öruggara væri að bíða inni í bílnum eða fyrir utan hann.

– Ef þið hefðuð keypt ís handa mér værum við ekki föst hérna, kallaði Hilmar út um bílgluggann. Hann var fúll og pirraður. Þetta sumarfrí var strax orðið ömurlegt. Hilmar tók upp símann sinn og fór í leik. Mamma Fjóla teygði sig inn í bílinn og kveikti á útvarpinu.

Hvernig hefði ísinn getað forðað þeim frá þessum aðstæðum?

Af hverju ætli mamma Fjóla hafi viljað fylgjast með fréttum?

– Við verðum að fylgjast með fréttum og tilkynningum, sagði hún. Svo var hún aftur farin út að taka myndir af stóra steininum.

Af og til varð Hilmari litið upp í fjallið. Bjarki bróðir virtist ekki hafa áhyggjur af jarðskjálftum. Hann lét ekkert trufla sig frá tónlistinni og söng nú með rapplagi.

Þulurinn í útvarpinu talaði um Suðurlands-skjálfta.

– Hvað er Suðurlandsskjálfti? kallaði Hilmar út um bílgluggann.

– Mjög stór jarðskjálfti sem verður á Suðurlandi, svaraði mamma Sigga.

Þulurinn minntist líka á eftirskjálfta.

– Hvað eru eftirskjattar? kallaði Hilmar aftur.

– Þú meinar *eftirskjálftar*. Það eru litlir jarðskjálftar sem fylgja oft stórum skjálftum.

Hilmar starði skelfingu lostinn upp í fjallið.

Var von á fleiri jarðskjálftum?



Skyndilega sá hann skæran glampa.

Hann starði stíft á stóran stein neðst í hlíðinni.

Aftur kom glampi. Og hvarf strax aftur.

Eins og einhver væri að leika sér  
að láta gler speglast í sólarljósi.

– Bjarki, sjáðu! Hilmar togaði

í snúruna á heyrnartólum bróður síns.

– Jó jó jó aha, rapaði Bjarki og kippti  
snúrunni til sín. Láttu mig vera ormur!

Hvaða  
glampa ætli  
Hilmar hafi séð?

Hilmar stakk símanum í vasann og steig út úr bílnum. Hann hafði ekki augun af steininum. Honum leið undarlega.

Hann svimaði og fannst hann ekki sjá skýrt.

Var hann orðinn bílveikur?

– Ekki fara neitt, Hilmar, kölluðu mömmurnar.

Þær voru uppteknar að spjalla við aðra ferðalanga.

Hilmar heyrði ekki til þeirra. Honum fannst eins og einhver kallaði nafnið hans. Eins og einhver væri að biðja hann um að koma. Hann gekk upp fjallið í átt að stórum steini, eiginlega

bjargi. Ljósið kom og fór. Þegar hann kom að steininum heyrði hann glaðlegt fliss.

– Halló, kallaði Hilmar hikandi.

– Kíktu upp, heyrðist hvíslað ofan af steininum.

Hilmar hrökk við og hrasaði aftur fyrir sig, beint á rassinn.

Uppi á steininum stóð stelpa og horfði á hann, brosandí út að eyrum.

Hvað merkir orðið bjarg?








### 3. kafli

- Hæ! Ég heiti Hera. Hvað heitir þú?  
Hvað ertu að gera hérna? Hvað ertu með  
í vasanum? Hilmar stulaðist á fætur.  
Hann horfði ringlaður á stelpuna.  
– Ehh hæ, tautaði hann feiminn.  
– Ég var að nota þennan, sagði Hera.  
Hún rétti fram glæran stein. Þetta er  
silfurberg. Amma mín gaf mér það.  
Það glitrar ótrúlega vel.

Vissir þú að  
í silfurbergi  
er ekkert silfur.  
Nafnið er dregið  
af því að það  
er silfurtært líkt  
og gler.



Mjög flottur steinn, sko.

Hilmar starði bara á stelpuna. Honum datt ekkert sniðugt í hug að segja. Hann leit í áttina að veginum og sá að björgunarsveitarbíll var mættur á svæðið. Hann gekk af stað.

– Bíddu, kallaði Hera. Hún stökk ofan af steininum. Viltu eiga silfurbergið mitt?

– Ha? Hilmar stansaði og sneri sér við. Af hverju ætti ég að vilja það?

– Hvað heitirðu? Hera horfði beint í augun á Hilmar. Honum fannst það afar óþægilegt og roðnaði í kinnum.

– Ég heiti Hilmar. Og ég þarf að fara. Þarft þú ekki líka að fara í þinn bíl? Máttu vera hérna?

Hera skoppaði í kringum Hilmar. Hann reyndi að komast fram hjá henni.


– Auðvitað má ég vera hérna. Ég á heima hér. Hera hló glaðlega.

Hilmar starði á stelpuna og leit í kringum sig. Átti hún heima hérna? Uppi í Ingólfsfjalli?

– Má ég skoða það sem þú ert með í vasanum? Þú mátt fá silfurbergið mitt í staðinn, sagði Hera.

Hilmar var ringlaður. Hann var ekki með neitt í vasanum handa þessari stelpu. Hann reyndi að ganga áfram í átt að bílnum. Hera stökk í veg fyrir hann.

– Gerðu það, leyfðu mér að skoða hlutinn sem þú ert með. Þann sem þú ert alltaf að snerta með fingrunum.



Af hverju ætli Hilmar hafi roðnað?

– Hva ... meinarðu símann minn? Viltu sjá símann minn? spurði Hilmar undrandi.

Átt þú ekki síma?

Hvað heldur þú að orðið hvinur merki?

Hera flissaði og hristi höfuðið. Hún rétti fram höndina. Undarlegur hvinur fór um loftið. Áður en Hilmar áttaði sig á hvað var að gerast fór jörðin undir honum að titra.

– Jarðskjálfti, hjálp! æpti Hilmar dauðhræddur. Hera starði undrandi á hann.

– Mömmur! gargaði Hilmar enn hærra. Hann var farinn að kjökra.

– Rólegur, mannastrákur, þetta var bara pínulítill eftirskjálfti. Hann er löngu búinn, kallaði Hera.

– Hilmar, komdu niður undir eins drengur! Mamma Sigga hafði komið auga á Hilmar. Hún var reiðileg á svip.

Hilmar heyrði hvorki né sá. Hann var dauðhræddur við þessa jarðskjálfta.

Hvað ef bjarg myndi velta ofan á hann og gera að klessu? Hvað ef jörðin myndi nú opnast undir honum? Hann gleymdi að vera kurteis og hljóp af stað niður hlíðina eins hratt og hann gat, án þess að kveðja.


– Hei! Ég var ekki búin að skoða hlutinn þinn. Hera horfði vonsvikin á eftir Hilmari.

Mamma Sigga beið eftir Hilmari við bílinn.

Af hverju heldur þú að Hilmari hafi gleymt að kveðja Heru?



- Hvað varstu eiginlega að hugsa, að fara svona einn upp í fjallið?
- Ég veit það ekki, mamma. Ég sá ljós og svo var ég bara allt í einu kominn upp í fjall. Þar hitti ég stelpuna sem ég var að tala við.
- Hvaða stelpu? Mamma Sigga opnaði bíldyrnar og ýtti Hilmari inn.
- Drífðu þig, drengur. Þeir eru að opna veginn.



Af hverju þurfti Hilmar að flýta sér inn í bílinn?



## 4. kafli

Björgunarsveitin var ekki lengi að fjarlægja steininn af götunni. Fjölskyldan gat nú haldið áfram för sinni meðfram Ingólfsfjalli.

Eftir dágóðan spöl beygði mamma Sigga inn á malarveg. Bíllinn hossaðist og hristist.

– Annar jarðskjálfti, skrækta Hilmar.

– Iss piss hættu þessu væli ... áður en ég æli, rapaði Bjarki.

– Hilmar minn, við verðum að losa þig við þessa hræðslu. Þú býrð nú einu sinni á jarðskjálftasvæði. Mamma Fjóla sneri sér við í sætinu án þess að hætta að þrjóna.

Hvað er malarvegur?

Af hverju ætli bíllinn hafi hossað og hrist?

– Á Íslandi verða mörg þúsund jarðskjálftar á hverju ári. Flestir svo litlir að við tökum ekki eftir þeim. Af og til verða stórir skjálftar eins og sá sem við fundum áðan og jafnvel enn stærri. Þá er mikilvægt að bregðast rétt við til að forðast slys.

– Hlustaðu á mömmu þína. Jörðin er bara að teygja úr sér, heyrðist hvíslað aftan úr farangursrýminu.

Af hverju  
brá Hilmar?

Hilmar hrökk við og leit aftur í bílinn. Ofan á töskum og pokum lá Hera með hönd undir kinn.

– Hvað? Hvernig ...? stamaði Hilmar.

– Góð spurning, sagði mamma Fjóla. Það skal ég nú kenna þér um leið og við höfum komið okkur fyrir í þessum æðislega bústað.

Mamma Sigga renndi bílnum upp að litlu grænu húsi með rauðri hurð. Allt í kring voru há grenitré og aspir í bland við kræklótt birkitré. Fyrir ofan húsið gnæfði Ingólfsfjall.





– Velkomin í Músarholu!  
sagði mamma Sigga hátíðlega.  
Mömmurnar ruku út úr bílnum, spenntar  
að skoða bústaðinn.  
– Heitir sumarbústaðurinn Músarhola?  
Á ég að segja vinum mínum að ég  
hafi eytt sumarfríinu í músarholu?  
Ekki séns, tautaði Bjarki fúll.  
Hilmar sat enn og starði á Heru  
í farangursrýminu.

Hvers  
vegna ætli  
Bjarki hafi  
brugðist svona  
illa við?

- Hvað er að þér, ormur? Á hvað ertu að glápa? Bjarki ýtti í öxlina á Hilmar.
- Stelpuna. Hvernig komst hún hingað? hvíslaði Hilmar.
- Stelpu? Hvaða stelpu? hreytti Bjarki út úr sér og sneri sér í sætinu. Hann skimaði út um afturrúðuna í allar áttir.
- Ég nenni sko ekki að hafa neina krakka hérna. Það er nógu fúlt að vera fastur með ykkur í heila viku. Hvar er þessi stelpa?

Hilmar leit til skiptis undrandi á Bjarka og Heru. Hvað var að Bjarka?

Af hverju varð Hilmar svona hissa?

Sá hann ekki stelpuna sem lá beint fyrir framan hann og vinkaði.

- Æ, gleymdu þessu. Bjarki rauk út úr bílnum og sneri derinu á húfunni sinni aftur.
- Hann sér mig ekki. Ekki mömmurnar þínar heldur. Þú ert sá eini sem sérð mig, sagði Hera glaðlega.



## 5. kafli

Hilmar skildi hvorki upp né niður.

– Ertu ... draugur? hvíslaði hann skjálfandi röddu.

Hera skellihló og sveiflaði sér yfir í sætið til Hilmars.

– Nei, vitlausa mannabarn. Ég er ekki draugur. Ég er huldustelpan.

– Ha? Meinarðu svona eins og huldufólk. Ósýnilegt fólk sem býr í steinum og klettum. Svona eins og tröll?

Trúir þú á huldufólk?  
Ef svo, hvernig heldur þú að það líti út?

– Bull og vitleysa! Þið mannbörn vitið ekki neitt. Tröll eru ekki til, svaraði Hera og hristi hausinn

– Af hverju ertu að elta mig?

– Ég vil fá að skoða hlutinn sem þú ert með í vasanum.

Af hverju elti Hera Hilmar?

Hera horfði nú beint í augun á Hilmar. Má ég prófa hann? Hilmar svimaði svolítið.



Hann var vonandi ekki að verða bílveikur aftur. Hann dró símann upp úr vasanum og rétti Heru.

Hera greip símann og potaði með fingrunum á skjáinn. Ekkert gerðist. Hilmar tók símann, kveikti á honum og rétti Heru.

– Átt þú ekki síma?

Hera starði á símann og hristi hausinn.

Varlega snerti hún skjáinn með fingrunum.



– Þú mátt alveg skoða hann í smástund, tautaði Hilmar. Hann skimaði út um gluggann eftir mömmunum. Hvernig ætti hann að útskýra fyrir þeim að í bílnum sæti ósýnileg stelpa. Huldustelpa. Hann sneri sér að Heru til að segja henni að hún þyrfti að fara aftur heim til sín. En Hera var hvergi sjáanleg. Bíldyrnar voru opnar og síminn hans var horfinn.

– Hei! Hilmar stökk út úr bílnum og skimaði í allar áttir. Hvert fórstu? Skilaðu símanum mínum!

Hvers vegna ætli Hera hafi horfið?

Hera var hvergi sjáanleg. Það var eins og jörðin hefði gleypst hana.

Mamma Fjóla kom út úr bústaðnum.

– Hilmar minn, við hvern ertu að tala?

Komdu nú inn í hús. Ég ætla að kenna þér að bregðast við jarðskjálfta.

Hilmar var ráðvilltur.

Hvernig átti hann að útskýra þetta

fyrir mömmunum.

Að ósýnileg stelpa

úr Ingólfsfjalli hefði stolið

rándýra símanum hans.

Það myndi örugglega enginn trúá honum.

Af hverju átti Hilmar að koma inn?

Hvað er að vera ráðvilltur?



## 6. kafli

– Krjúpa, skýla, halda! Krjúpa, skýla, halda, sönglaði mamma Fjóla aftur og aftur. Hún sat undir litlu stofuborði í sumarbústaðnum og hélt fast um borðfót með báðum höndum.

– Í jarðskjálfta er gott að skríða undir borð. Borðið skýlir okkur frá hlutum sem kannski detta úr hillum eða af veggjum. Mamma Sigga hljómaði eins og þulur í fræðslumynd í sjónvarpinu.

Hvað er gott að gera í jarðskjálfta?

Bræðurnir sátu hlið við hlið í pínulitlum sófa.

Þeir voru fúlir á svip.

– Hvernig eigum við að komast öll fjögur undir þetta litla stofuborð, spurði Bjarki öflugur.

– Svo er líka gott að standa í dyragætt, hélt mamma Sigga áfram.

– Hvað ef hurðin skellur aftur? tautaði Bjarki.

Mömmurnar litu vandræðalegar hvor á aðra.

– Jæja, út að leika! skipaði mamma Fjóla og skreið undan borðinu.

Hilmar var feginn að sleppa út.

Á grasflöt við bústaðinn var stórt trampólín sem hann vildi prófa. Hilmar fór að hoppa.

Veðrið var yndislegt og hann var næstum búinn að gleyma huldustelpunni og símanum.

– Ertu að reyna að ná einhverju? Það er ekkert þarna uppi nema skýin. Þú nærð þeim aldrei. Hera flissaði þar sem hún sat í grasinu fyrir neðan trampólínið.

Hilmari dauðbrá. Hann datt með andlitið klesst upp við öryggisnetið.

Af hverju er gott að standa í dyragætt í jarðskjálfta?

Af hverju ætli Hera hafi flissað?



Hera flissaði aftur. Hún var að flétta krans úr sóleyjum og baldursbrám.

– Hvar er síminn minn? muldraði Hilmar í gegnum netið. Ég sagði aldrei að þú mættir fara með hann.

Hera veifaði símanum brosandi.

– Ég var bara að prófa hann. En nú er hann ónýtur.

Hilmar stökk af trampólíninu.

Hann greip símann sinn og skoðaði vandlega.

– Það þarf bara að hlaða hann. Þú færð samt ekki að prófa hann aftur.

Hilmar var dauðfeginn að hafa fundið símann.

Hann stakk honum djúpt í buxnavasann.

Af hverju hélt Hera að síminn væri ónýtur?





Hera hafði nú lokið við blómakransinn og setti hann á höfuðið.

– Á ég að gera einn fyrir þig?

– Oj, nei takk. Eru ekki pöddur í þessum blómum?

– Viltu þá koma með mér í fjársjóðsleit?

Hera horfði beint í augun á Hilmari.

Af hverju starði þessi stelpa alltaf svona á hann. Honum fannst það óþægilegt.

Og nú svimaði hann aftur.

– Já, já. Er þetta alvöru fjársjóður? spurði Hilmar og elti Heru af stað upp í Ingólfsfjall.

Hvað fannst Hilmari óþægilegt?

– Auðvitað er þetta alvöru fjársjóður.  
Hann er í Inghóli. Hólnum þarna efst á fjallinu.  
Hera benti upp á topp.

Hilmar skimaði upp eftir hlíðinni.  
Honum leist ekki á blikuna.

– Getum við ekki bara fundið fjársjóð hérna  
nálægt bústaðnum. Þurfum við að fara  
alla leið upp?


Hera svaraði ekki og gekk áfram. Þau klifu  
fjallið dágóða stund. Hera blés ekki úr  
nös. Hilmar var móður og sveittur.  
Hann kvartaði í sífellu.

– Æ, mér er orðið illt í fótunum.

Er langt eftir? Ég er svangur. Og hvernig  
geturðu verið viss um að það sé fjársjóður  
í þessum Inghóli?

Að lokum gafst Hera upp og stoppaði.  
Hilmar kastaði sér í grasið og andaði ótt og títt.

– Hvað er þetta með ykkur mannaörnin?  
Smá fjallganga fer alveg með ykkur!  
Hún sleit upp hundasúrur og rétti Hilmari.



Hvað merkir  
að blása ekki  
úr nös?

– Smá fjallganga! Hefurðu horft upp á topp á þessu risafjalli? Ég er líka alveg óvanur. Hilmar var vandræðalegur. Hvað á ég að gera við þessar hundasúrir?



– Nú, þú sagðist vera svangur. Borðaðu. Hera settist við hliðina á Hilvari og nagaði hundasúru.

Ég skal segja þér söguna um fjársjóðinn ef þú hættir að væla um þreytu.

Hilmar kinkaði kolli og beit um leið í hundasúruna.

– Oj, hvað ertu að gefa mér? Er þetta eitrað?

Hefur þú smakkað hundasúrir?



## 7. kafli

– Fyrir meira en þúsund árum bjó langafi minn hér í fjallinu. Dag nokkurn kom hingað mannafjölskylda. Langafi minn hafði aldrei áður séð mannfólk og vildi ekki hafa það hérna. Þess vegna var hann alltaf að hrekkja mennina. Hræða hænurnar þeirra. Stela matnum frá þeim og þú veist, láta hluti hverfa. En svo var það eitt sinn að langafi datt í fjallinu og braut á sér fótinn. Hann gat ekki hreyft sig en einn af mönnunum kom honum til hjálpar. Sá hét Ingólfur.

Langafi ákvað að þakka Ingólfi björgunina með því að nefna fjallið okkar eftir honum. Þess vegna heitir það Ingólfsfjall.

– Bíddu, ertu að tala um Ingólf Arnarson?

Fyrsta landnámsmanninn. Þekkti langafi þinn Ingólf Arnarson? Hera kinkaði kolla

Heldur þú  
að saga Heru  
sé sönn?

og fékk sér aðra hundasúru.

– Þeir urðu góðir vinir. Ingólfur hélt svo ferð sinni áfram. Hann var alltaf að leita að einhverjum súlum. Hann bað langafa að geyma skipið sitt. Langafi faldi það í Kögunarhól, hérna sunnan við fjallið.


Vissir þú  
að Kögunarhóll  
merkir  
útsýnishóll?

Þú keyrðir fram hjá því á leiðinni hingað.

Hilmar starði á Heru. Hundasúra lafði út um annað munnvikið á henni.

– Er víkingaskipið hans Ingólfs Arnarsonar inni í hól við þjóðveginn? stamaði hann.

– Jamm. Og þegar Ingólfur dó vildi hann fá að hvíla á toppi Ingólfsfjalls. Þar er hann grafinn í haug. Með öllu flotta dótinu sem hann átti.



Hilmar starði enn á Heru og gapti.

- Heldurðu að það sé ... sverð í hólnum? Eða spjót kannski? Víkingar voru alltaf með vopn.
- Sjáðu, þetta gæti verið Ingólfur. Með sverð og skjöld. Að berjast við dreka.

Hera benti upp í himininn.

Hilmar glápti upp í loftið en sá ekkert nema ský og bláan himin.

- Um hvað ertu að tala? spurði hann hikandi.
- Skýjamyndirnar. Hvað sérð þú?
- Ég sé ... ský, svaraði Hilmar. Eigið þið ekki sjónvarp?

Hvað  
merkir  
að gapa?







## 8. kafli

Hera og Hilmar héldu áfram göngunni upp fjallið. Þau voru spennt að komast á toppinn. Að finna fjársjóðinn.

Allt í einu stoppaði Hilmar.

– Hera, hvernig eigum við að grafa eftir fjársjóðnum? Ertu með skóflu?

– Úps! Hera starði á Hilmar. Hún hafði alveg gleymt að hugsa út í það.

Skyndilega heyrðist hvinur í lofti.

Hera kippti í Hilmar og dró hann með sér að stóru bjargi.

Af hverju ætli Hera hafi dregið Hilmar að bjarginu?

– Þessi verður stór, æpti Hera. Haltu þér. Jörðin titraði. Grasið í kringum þau lyftist upp. Hilmar vældi og hélt fast í steininn með lokuð augu. Grjót og möl tók að renna úr hömrunum efst í fjallinu. Hávaðinn var gríðarlegur.

– Æ, passaðu þig, kallaði Hera allt í einu. Hún hafði komið auga á lítinn spóaunga sem hljóp dauðhræddur um hlíðina.

Án þess að hika stökk Hera á eftir unganum. Stór steinn kom skoppandi niður. Hann stefndi á ungan. Hera hikaði ekki. Hún kastaði sér fram og skýldi unganum.



Steinninn skall á fæti Heru og hún æpti af kvölum.

Af hverju meiddi Hera sig?

Allt varð hljótt. Fuglasöngurinn var meira að segja þagnaður. Hilmar þorði varla að hreyfa sig. Hann heyrði Heru kjökra. Hann opnaði annað augað og sá að Hera var slösuð. Hún hélt um annan fótlegginn. Lítil spóaungi skaust á milli steina.

– Er allt í lagi? hvíslaði Hilmar.

– Nei, sýnist þér það? kjökraði Hera.

– Hera Puntstrá Hjálmsdóttir! Dimm og reiðileg rödd bergmálaði í fjallshlíðinni. Hvar hefurðu verið?

Hvað er bergmál?

Mikill og kraftalegur maður stikaði stórum skrefum í átt til þeirra.

Hilmar faldi sig fyrir aftan Heru.

– Sæll, pabbi, tautaði Hera.

– Hver er þessi mannadrengur? Varstu að heilla hann? Þrumaði huldumaðurinn.

Hera var skömmustuleg og svaraði engu.  
Hjálmur huldumaður starði í augun á Hilmari.  
Hilmar starði á móti, lamaður af skelfingu.

– Einmitt! Þrumaði Hjálmur.

Eins og mig grunaði, Hera Puntstrá.

Þú hefur heillað þetta mannabarn til  
að fara með þér upp á Inghól. Gabbað  
hann út í hættuför. Ég var búinn að  
segja þér að börn eiga ekkert erindi  
upp á fjallsbrún. Og allra síst ein á ferð.

Sérstaklega ekki þegar von er á jarðskjálftum.

Rödd Hjálms var svo sterk að Hilmar þurfti  
að halda fyrir eyrun. Hann var komin með tár  
í augun af hræðslu. Hvað myndi þessi reiði  
huldumaður gera við hann? Hilmar mundi  
óljóst eftir sögum af huldufólki sem mamma  
Sigga hafði lesið fyrir hann á kvöldin. Þær  
enduðu oftast illa, fyrir mannfólkið.

– Þú ætlaðir að finna fjársjóðinn, ekki satt?

Hjálmur starði stíft á Heru. Hún kinkaði kolla.

Hvað á  
huldumaðurinn  
við þegar hann  
spyr hvort Hera hafi  
heillað Hilmar?



– Ég er búinn að segja þér að það kemst enginn að fjársjóðnum. Langafi þinn sá til þess. Hann er vel falinn undir þykkum lögum af grágrýti. Nú er best að koma ykkur heim.

Hera horfði vonsvikin á Hilmar sem var hugsí.

– En hvað með sprengiefni?  
Myndi það duga til að opna hólinn?


Hér er talað um grágrýti. Manstu eftir annarri bergtegund fyrr í sögunni?

Hilmar hvíslaði. Hann þorði varla að ávarpa þennan stóra huldumann.

Hera og pabbi hennar horfðu bæði hneyksluð á Hilmar.

– Ertu frá þér, drengur! Þrumaði Hjálmur.

Minnstu munaði að Hilmar pissaði í buxurnar af hræðslu.



Af hverju ætli Hera og pabbi hennar hafi orðið hneyksluð?



## 9. kafli

Hjálmur og Hera fylgdu Hilmari heim í Músarholu. Hjálmur var ágætis karl þegar allt kom til alls. Hann vissi mikið um steina og bergtegundir. Hann sagði Hilmari að Ingólfsfjall væri að mestu úr móbergi. Hilmar vissi ekkert hvað það var en þótti gaman að hlusta á Hjálm.

Hilmar kvaddi feðginin við trampólínið. Hera sagðist ætla að koma aftur daginn eftir.

Hvað eru feðgin?

– Viltu koma með mér að veiða á morgun?  
spurði hún og starði beint í augun á Hilmari.  
Hann svimaði og leið undarlega.

– Já, já. Ég skal veiða með þér á morgun,  
tautaði hann.

Af hverju  
ætli Hera hafi  
starað í augun á  
Hilmari þegar hún  
spurði hann hvort  
hann vildi  
veiða?

– Hera þó! Hættu þessu eins og skot.  
Ég hef margoft bannað þér að heilla  
mannfólk, sagði Hjálmur reiðilega.

Hera yppti öxlum og veifaði  
til Hilmars. Hjálmur skellti henni á háhest  
og gekk heimleiðis. Hilmar veifaði  
á eftir þeim en mundi svo að hann hafði gleymt  
að spyrja Heru að dálitlu mikilvægu.

– Heitirðu í alvöru Puntstrá? kallaði hann.

Hera brosti og veifaði með báðum höndum.

– Sjáumst á morgun.

Þetta hafði svo sannarlega verið viðburðaríkur  
dagur hjá Hilmari. Jarðskjálftar, fjársjóðsleit  
og skrítið huldufólk sem gat dáleitt mann.





Og þetta var bara fyrsti dagur í sumarfríi. Hvað ætli gerist á morgun? hugsaði Hilmar með sér. Hann var annars hugar og gekk næstum á mömmu Fjólu í dyrunum. – Hilmar minn, mikið ertu utan við þig. Það mætti halda að þú hafir séð tröll. Eða huldufólk. Hilmar brosti með sjálfum sér. Ef hún mamma Fjóla bara vissi.

Hvað heldur þú að mömmurnar hefðu sagt ef Hilmar hefði sagt þeim frá Heru og pabba hennar? En Bjarki?

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?

Á einu ári verða um **20 þúsund jarðskjálftar** á Jörðinni. Það gerir um það bil 50 jarðskjálfta á dag!



Flestir **jarðskjálftar** eru svo litlir að við verðum ekki vör við þá. Aðrir eru stórir og þeim geta fylgt margir smærri skjálftar, svo kallaðir **eftirskjálftar**.

Með **jarðskjálftamælum** er hægt að mæla hreyfingar jarðskorpunnar og jafnvel segja fyrir um jarðskjálfta.

Nú hefur jarðskjálftamælum verið komið fyrir **um allan heim** og vísindamenn fylgjast vel með **upplýsingum** sem berast frá mælunum.

Viltu vita meira?


Viltu vita meira?

Sjáðu fyrir þér harðsoðið egg og ímyndaðu þér að það sé Jörðin. Þú slærð með teskeið á skurnina og þá myndast **prungur**. Einhvern veginn þannig lítur yfirborð Jarðarinnar út.

Jarðskorpan er gerð úr **mörgum flekum** sem eru alltaf á hreyfingu. Jarðskjálftar verða þegar flekarnir rekast hver á annan.



Norður-Ameríkuflekinn Evrasíuflekinn




Á Íslandi verða margir litlir jarðskjálftar á hverjum degi. Það er vegna þess að Ísland liggur á tveimur flekum sem **rekur í sundur**. Flekarnir heita Norður-Ameríkuflekinn og Evrasíuflekinn.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?


## Mestu jarðskjálftasvæði á Íslandi



## Stærstu jarðskjálftar á Íslandi

Á kortinu má sjá jarðskjálfta á Íslandi og hvenær þeir urðu.

**Stærsti** jarðskjálftinn sem vitað er um varð á Suðurlandi árið 1784.



## Viðbrögð við jarðskjálfta

Mikilvægt er að vita hvernig best er að bregðast við þegar jarðskjálfti ríður yfir.

### Krjúpa, skýla, halda

- **Farðu undir borð.** Skýldu höfðinu með annarri hendi og haltu um borðfóttinn með hinni. Borðið skýlir þér frá hlutum sem hugsanlega falla úr hillum eða af veggjum.
- **Krjúptu í dyragætt.** Hún skýlir þér en gleymdu ekki að vara þig á hurðinni.
- Þegar jarðskjálftinn er yfirstaðinn er hægt að **ganga rólega** út. Ekki hlaupa niður stiga og alls ekki fara í lyftu.
- Gott er að **kveikja á útvarpinu** og hlusta eftir upplýsingum um jarðskjálftann.



**www.vedur.is** Á vef **Veðurstofu Íslands** er hægt

að fylgjast með jarðskjálftum á Íslandi.

Farðu inn á vefinn og athugaðu skjálfta sem hafa orðið í dag.

Spjallið saman og rifjið upp söguna.

Hvað heita aðalpersónurnar?

Hvernig er söguþráðurinn?

Gott er að styðjast við tímalínu.



Leitið saman á netinu og finnið myndir af þessum stöðum í sögunni:


- Kögunarhóll
- Ingólfsfjall
- Selfoss

Veltið fyrir ykkur hvort líklegt sé að skip Ingólfs sé falið í Kögunarhól.

Finnið rök með og á móti.


## Hvað merkja orðin og orðasamböndin?

Notið ykkar eigin orð til að útskýra þau.




## Hugarkort

- Hvað kemur upp í hugann þegar þið hugsið um **huldufólk**?
- En þegar þið heyrið orðið **tröll**?
- En þegar þið heyrið **Köld klósettseta**?



Notið hugarkort til að hjálpa ykkur.



## Orðaveiðar

- Rifjið upp **sérnöfnin** sem koma fyrir í sögunni. Hvað finnið þið mörg?
- Finnið þrjú orð yfir **steintegundir**.
- Finnið þrjú orð yfir **jurtir**.





Getið þið fundið út hvaða orð þetta eru?

pó tram lín

eit gu nar bj sv ör

ður lands Su tar skjálf

mar su bú ður sta



Spáið í þetta!

- Af hverju var Bjarki fúll og pirraður í bílnum?
- Af hverju vildu mömmurnar ekki fara á Selfoss að kaupa ís?
- Af hverju ætli enginn annar en Hilmar hafi séð Heru?
- Af hverju var Hjálmur pabbi reiður við Heru?
- Af hverju hneyksluðust Hera og pabbi hennar á Hilmar?

**Skoðið saman teiknimyndasögurnar í bókinni og búið til nýja texta við sögurnar.**



# Sestu lestu

Áður eru komnar út í flokknum



Bækurnar eru líka til sem rafbækur  
á vefsíðu Námsgagnastofnunar

[www.nams.is](http://www.nams.is)

# Sestu lestu

## Ævintýri í Ingólfsfjalli

Ævintýri í Ingólfsfjalli er þriðja bókin í flokknum Sestu og lestu.

Efnið er ætlað börnum á yngsta- og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tökum á undirstöðuatriðum lestrar.

Því er ætlað að vekja með börnunum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta.

Aftast í bókinni eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman og ræði.

Höfundur er Kristjana Friðbjörnsdóttir.  
Myndir teiknaði Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir.



Námsgagnastofnun  
05210

